

Stjórnarfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Haldinn í Suðurgötu föstudaginn 12. ágúst 2011

Mætt: Hlynur, Hildur, Þorleifur, Steingrímur, Katrín, Auður Lilja, Drífa, Bjarkey, Svandís, Snærós, Þórarinn, Guðrún Ágústa og Sóley

1. Dagskráin framundan – flokksráðsfundur og sumarferð

Vegna aðgengismála var ákveðið að flytja fundinn og ferðina á SV-hornið. Ákveðið að næsti flokksráðsfundur eftir landsfund verði haldinn í NV-kjördæmi.

2. Undirbúningur landsfundar, staða málefnaþópa og skipan í hópa

Samþykkt að skipa hóp um lýðræðismál. Þorleifur Gunnlaugsson undirbúi fyrsta fund sem verður opinn öllum félögum. Samþykkt að skipa Katrínu og Guðrúnu Ágústu í ályktanahóp fyrir landsfund ásamt því að óskað verður eftir tilnefningu þingflokks um þriðja aðila í ályktanahópinn. Samþykkt að fela Árna Þór og Guðfríði Lilju að halda fund til undirbúnings á stofnun málefnaþóps um utanríkismál. Jafnframt verði undirbúin greinargerð um kvenfrelismál fyrir landsfund þar sem farið verði yfir þróun málaflokksins frá fyrri framlagningu kvenfrelsisstefnu flokksins.

3. Fjármál flokksins

Hildur kynnti drög að ársreikningi flokksins fyrir árið 2010. Framkvæmdastýru veitt heimild til að ráða sér aðstoðarmanneskju til að undirbúa landsfund.

4. Stjórn málaástandið

Umræður.

5. Önnur mál

- a. Landsfundur UVG verður haldinn í nýuppgerðu félagsheimili á Suðureyri í haust.

Fundi slitið kl. 18.18.